



Akraneskaupstaður

FUNDARBOÐ

**1407. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 11. febrúar 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 30. janúar 2025 aðgerðaráætlun vegna ársins 2025 fyrir heildarstefnu Akraneskaupstaðar og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar í bæjarstjórn.

Heildarstefnan var samþykkt í bæjarstjórn þann 27. febrúar 2024 og inniheldur m.a. stefnuáherslur, markmið og framtíðarsýn til ársins 2030.

Lagt er upp með að árið 2025 verður nýtt til að útfæra frekar verklag vegna innleiðingar á heildarstefnunni. Gert er ráð fyrir að fagrað og nefndir fylgi aðgerðaráætluninni eftir í sínum störfum og taki hana reglubundið fyrir.

2. 2412040 - Reglur um heilsueflingarstyrk

Bæjarráð tók málið upp að nýju á fundi sínum þann 30. janúar 2025 sbr. ósk þess efnis frá bæjarstjórnarfundi nr. 1406.

3. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreit, norðurhluti.

Breyting á deiliskipulag Dalbrautarreits norður. Skipulagssvæðið er um 1,9 ha að flatarmáli og nær yfir lóðirnar Þjóðbraut 9, 11, 13 og 13a, Dalbraut 10, 14 og 16. Gert verður ráð þriggja til fimm hæða íbúðarbyggð. Meginhluti hennar verður randbyggð umhverfis inngarð. Heimilt verður að hafa atvinnustarfsemi á jarðhæðum Þjóðbrautar 9 og 11, sem snúa að Þjóðbraut. Lögð verður áhersla á gæði íbúða og tengsl þeirra við umhverfið, bæði göturými/almannarými og garð. Breyting á deiliskipulagi Dalbrautareits norður var auglýst skv. 1 mgr.

41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 9. október til og með 27. nóvember 2024. Þrjár athugasemdir bárust. Greinargerð skipulagsfulltrúa vegna athugasemda við auglýst deiliskipulag lögð fram.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkti framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að framlögð greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagið.

Fundargerðir til kynningar

- 4. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð**
3585. fundargerð bæjarráðs frá 30. janúar 2025.
- 5. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð**
239. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 4. febrúar 2025.
- 6. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfissráð**
319. fundargerð skipulags- og umhverfissráðs frá 5. febrúar 2025.
- 7. 2401027 - Fundargerðir 2024 - Orkuveita Reykjavíkur**
359. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 16.12.2024.
- 8. 2401028 - Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga**
960. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2024.
- 9. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga**
961. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2025.
962. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. janúar 2025.

10. 2406069 - Aðalfundur Faxaflóahafna sf. 21. júní 2024

Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sf. 21. júní 2024 fyrir starfsárið 2023.

10.02.2025

Steinar Adólfsson, sviðsstjóri